

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 311/2015

2017/EES/64/17

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakarofna og gufugleypa til heimilisnota ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2015, bls. 26.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. júní 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota ⁽²⁾.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) nr. 65/2014 fellir niður tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 4) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4t (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013):

„4u. **32014 R 0065:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakarofna og gufugleypa til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtíð. ESB 61, 5.3.2015, bls. 26.“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013):

„6k. **32014 R 0066:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. janúar 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 33).“
3. Texti liðar 4g (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB) fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 33.

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11t (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013):

„11u. **32014 R 0065**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2014 frá 1. október 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar bakarofna og gufugleypa til heimilisnota (Stjttíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 61, 5.3.2015, p. 26. ⁽¹⁾

(1) Einungis skráð hér í upplýsingaskyni. Hvað beitingu varðar er vísað til II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

2. Eftirfarandi liður er bætt við á eftir lið 26k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013):

„26l **32014 R 0066**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014 frá 14. janúar 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota (Stjttíð. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 33).“

3. Texti liðar 11g (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB) fellur brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (EB) nr. 65/2014, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 61, 5.3.2015, bls. 26, og reglugerðar (ESB) nr. 66/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.